



Akureyrarbær



# Ársskýrsla Akureyrarbæjar 2022



Þjónustu- og skipulagssvið

# Þjónustu- og skipulagssvið

Þjónustu- og skipulagssvið er stoðsvið sem ber ábyrgð á þjónustuferlum og þróun þeirra, stafrænum umbreytingum, skipulags- og byggingarmálum sem hluta af uppbyggingu og þróun sveitarfélagsins, en faglegur hluti skipulags- og byggingarmála er á ábyrgð forstöðumanna einstakra verkefna. Þá ber sviðið einnig ábyrgð á markaðs- og menningarmálum Akureyrarbæjar, innri og ytri upplýsingamiðlun og þjónustu, svo sem rafrænni stjórnsýslu og innleiðingu á stafrænni þjónustu, heimasíðu bæjarins, þjónustuveri, skjalastjórnun, þjónustu við kjörna fulltrúa, rekstri og umsjón starfsstöðva og mótuneyta, íbúasamráði og atvinnu- og ferðamálum.

Þjónustu- og skipulagssvið skiptist í sex ramma: Þjónustu og þróun, skipulagsmál, byggingarmál, atvinnu- og menningarmál, Amtsbókasafnið og Listasafnið á Akureyri.

Skrifstofur sviðsins eru á jarðhæð Ráðhússins að Geislagötu 9.



Mikil áhersla er lögð á að þróa og bæta þjónustu sveitarfélagsins og gera hana notendamiðaðri, ekki síst með stafrænum lausnum. Slíkar fjárfestingar einfalda líf fólks, spara íbúum og starfsfólki spor og tíma, sem og að stuðla að jákvæðum umhverfisáhrifum og sparnaði til lengri tíma litið.

Þjónustugáttin á heimasíðu bæjarins gegnir veigamiklu hlutverki og er nú meginfarvegur stafrænnar þjónustu. Þar getur fólk skilað inn umsóknum, t.d. um þjónustu, leyfi og styrki, fylgst með afgreiðslu erinda og stöðu gagnvart sveitarfélaginu, svo sem álagningu gjalda.

Möguleikar til notkunar aukast sífellt með fjölgun umsóknarforma í gáttinni. Árið 2022 var 35 nýjum umsóknarformum bætt við og voru þau samtals 150 um síðustu áramót samanborið við 128 árið áður. Skipulags- og byggingarmál eru fyrirferðarmikil sem og skólamál, en umsóknir um félagslegt leiguhúsnæði, fjárhagsaðstoð, lýðheilsukort, matjurtagarða og leyfi til dýrahalds eru örfá dæmi um það sem þjónustugáttin býður upp á.

Notkun hefur farið vaxandi undanfarin ár en alls bárust 8.329 umsóknir í gegnum gáttina árið 2022. Rafrænar umsóknir sem bærinn hefur tekið á móti frá því gáttin var tekin í notkun 2017 eru þar með




orðnar rúmlega 26 þúsund. Ætla má að umsóknir undanfarinna fimm ára hefðu vegið um 130 kg ef þær hefðu verið á pappír.

Á árinu 2022 vann starfsfólk þjónustu og þróunar að nýrri og endurbættri útgáfu af þjónustugáttinni. Sömuleiðis var unnið að þróun á íbúappi bæjarins og innleiðing undirbúin, en appið var tekið í notkun um síðustu áramót. Appið sem nefnist einfaldlega Akureyrarbær er ætlað íbúum bæjarins og til þess fallið að auka aðgengi að stafrænni þjónustu og upplýsingum, svo sem með rafrænu gámakorti og ábendingagátt. Íbúar geta þar með sent inn til bæjarins ábendingu, fyrirspurn, kvörtun eða hrós hvar og hvenær sem er með símanum, notað staðsetningu tækisins og jafnvel látið fylgja ljósmynd. Bætist þessi leið við rafræna ábendingagátt á vefsíðu sveitarfélagsins akureyri.is.


1.130 fyrirspurnir og ábendingar bárust í gegnum rafræna ábendingakerfið árið 2022, ríflega 94 á mánuði, sem er eilítil fækkun frá 2021 sem var fyrsta heila árið þar sem kerfið var í notkun. Langflestar ábendingar og fyrirspurnir frá íbúum tilheyra umhverfis- og mannvirkjasviði eða 84%. Málaflokkurinn snjómokstur og hálfuvarnir er fyrirferðamestur, en auk þess leitar fólk mikil til bæjarins vegna umhirðu og gatnalýsingar.

Í maí 2022 var byrjað að safna tölfraedi um símtöl og komur í þjónustuver bæjarins í Ráðhúsinu. Að jafnaði voru komur ríflega 30 talsins á dag og símtöl hátt í 100.


MYND 1 – NÝ UMSÓKNAFORM Í ÞJÓUNUSTUGÁTT FRÁ UPPHAFI OG HEILDARFJÖLDI Í ÁRSLOK 2022




MYND 2 – FJÖLDI ÁBENDINGA OG FYRIRSPURNA Í GEGNUM RAFRÆNT ÁBENDINGAKERFI 2022



MYND 3 – FJÖLDI HEIMSÓKNA Í RÁÐHÚS 2022 (FRÁ MAÍ)



MYND 4 – FJÖLDI SÍMTALA Í ÞJÓUNSTUVER





## Bæjarstjórnarkosningar

Bæjarstjórnarkosningar voru haldnar 14. maí 2022 og annaðist starfsfólk þjónustu og þróunar undirbúning, framkvæmd og úrvinnslu kosninganna í samstarfi við yfirkjörstjórn. Fól sú vinna meðal annars í sér undirbúning kjörskrár og annarra gagna í aðdraganda kjördags, uppsetningu og vinnu á kjörstað, fræðslu og aðstoð við nýkjörna fulltrúa og notendabreytingar í kerfum bæjarins vegna nýs nefndarfólks.

Á kjörskrá í Akureyrarbæ voru 14.688. Talin atkvæði voru 9.422 og kjörsókn því 64,1%. Að loknum kosningum gerðu L-listinn, Sjálfstæðisflokkurinn og Miðflokkurinn með sér samning um meirihlutasamstarf í bæjarstjórn. Á fyrsta fundi nýrrar bæjarstjórnar 7. júní var Heimir Örn

Árnason kjörinn forseti bæjarstjórnar til eins árs, Halla Björk Reynisdóttir 1. varaforseti og Sunna Hlín Jóhannesdóttir 2. varaforseti. Halla Björk Reynisdóttir var kjörin formaður bæjarráðs og ásamt henni voru kosin í bæjarráð til eins árs Heimir Örn Árnason varaformaður, Hlynur Jóhannsson, Sunna Hlín Jóhannesdóttir, Hilda Jana Gísladóttir, Brynjólfur Ingvarsson áheyrnarfulltrúi og Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir áheyrnarfulltrúi.

Bæjarstjórn hélt 18 fundi á árinu 2022, einum fleiri en árið áður, og bæjarráð hélt 40 fundi, tveimur færri en árið áður.

Hverfisráð Hríseyjar hélt níu fundi á árinu, auk aðalfundar, og hverfisráð Grímseyjar hélt þrjá fundi.





## Skipulags- og byggingarmál

Hlutverk skipulags- og byggingarfulltrúa er að sjá um skipulags- og byggingarmál Akureyrarbæjar til samræmis við ákvæði laga- og reglugerða, aðalskipulag Akureyrar og aðrar stefnur bæjarins. Einnig að sjá um úthlutun og skráningu lóða og fasteigna, landupplýsingakerfi Akureyrarbæjar, umferðar- og umhverfismál, auk annarra verkefna. Leiðarljós hefur verið að vinna að hagsmunum bæjarbúa með vandaðri og faglegri vinnu, nota byggingareftirlit sem neytendavernd til að tryggja gæði bygginga, skapa fjölbreytt og vandað búsetuumhverfi, leggja áherslu á sérkenni bæjarins með vandaðri hönnun og varðveislu hvers konar menningarminja. Enn fremur að byggja á viðmiðum umhverfisverndar, verndun vistkerfa og sjálfbærni, stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru- og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu eða óhóflegt álag á vistkerfi í sveitarfélaginu.

Skipulagsráð hefur eftirlit með stefnumörkun og samþykktum í málaflokkum sem undir það heyra, hefur frumkvæði að gerð skipulagstillaga og skipulagsskilmála og gerir tillögur til bæjarstjórnar um skipulagsáætlanir og breytingar á þeim á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010. Sýn skipulagsráðs og meginmarkmið byggja á leiðarljósi sem sett er fram í Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030, en áhersla er lögð á sátt um útfærslu samþykkttra skipulagshugmynda, skilvirka afgreiðslu erinda og opna stjórnarsýslu. Skipulagsráð vinnur að þéttingu byggðar með áherslu á grænar lausnir, margs konar atvinnustarfsemi og fjölbreyttan samgöngumáta.

Skipulagsráð hélt 21 fund á árinu 2022 og fjallaði um 432 mál eða erindi (þau voru 442 árið 2021 á 23 fundum). Byggingarfulltrúi hélt 51 afgreiðslufund vegna byggingarmála og fjallað var um 225 mál (voru 370 árið 2021).



## Skipulagsmál

Eins og undanfarin ár voru fjölmörg skipulagsmál í vinnslu árið 2022 og tóku 4 aðalskipulagsbreytingar gildi á árinu auk 4 nýrra deiliskipulagsáætlana og 43 deiliskipulagsbreytinga. Verkefnin eru misjafnlega umfangsmikil og geta verið allt frá minniháttar breytingum á skipulagi upp í umfangsmikla stefnumörkun um landnotkun. Eftirfarandi eru helstu skipulagsverkefni sem unnið var að á árinu 2022:

**Deiliskipulag Móahverfis:** Undirbúningur að skipulagi nýs íbúðarhverfis á svæði sem liggur norðan Giljahverfis og vestan Síðuhverfis hófst árið 2018. Skipulagsferlið fór þó ekki af stað af alvöru fyrr en í upphafi árs 2021 og það var síðan í byrjun sumars 2022 sem deiliskipulag fyrir nýtt um 1.000 íbúða hverfi tók gildi.

**Tjaldsvæðisreitir:** Vinnu við endurskoðun deiliskipulags á svæði sem afmarkast af Þingvallastræti, Þórunnarstræti, Hrafnagilsstræti og Byggðavegi hófst um mitt ár 2022 og er stefnt að því að nýtt skipulag taki gildi fyrir vorið 2024. Á svæðinu er gert ráð fyrir blandaðri landnotkun verslunar- og þjónustu, íbúðarbyggð fyrir 150



til 200 íbúðir og opinberri þjónustu. Stefnt er að því að uppbygging nýrrar heilsugæslustöðvar hefjist árið 2024 og samkvæmt húsnæðisáætlun Akureyrarbæjar er miðað við að uppbygging íbúða fari af stað árið 2025.

**Leikskóli við Síðuskóla og hjúkrunarheimili í Lögmannshlíð:** Í nokkurn tíma hefur legið fyrir að þörf sé á fleiri hjúkrunarrýmum fyrir eldra fólk. Í gildandi aðalskipulagi var gert ráð fyrir að stækka mætti lóð hjúkrunarheimilisins Lögmannshlíðar við Vestursíðu til norðurs og í byrjun árs 2022 hófst vinna við að skoða hvernig koma mætti nýjum rýmum fyrir á svæðinu auk þess að gera ráð fyrir byggingu á leikskóla við Síðuskóla og stækkun grunnskólans. Var deiliskipulagið unnið í samvinnu við Framkvæmdasýslu ríkisins – Ríkiseignir og fræðslu- og lýðheilsusvið. Í nýju deiliskipulagi sem tók gildi í lok árs 2022 er gert ráð fyrir að á svæði norðan Lögmannshlíðar og vestan Síðuskóla verði byggt allt að 80 rýma hjúkrunarheimili á fjórum hæðum auk allt að 1.800 fm leikskóla á einni hæð og 1.000 fm viðbyggingu/tengibyggingu við Síðuskóla.

**Deiliskipulag Tryggvabrautar:** Vinna við gerð deiliskipulags fyrir Tryggvabraut og atvinnusvæði norðan hennar hófst árið 2018 í samvinnu við Vegagerðina. Um er að ræða umfangsmikið verkefni sem var í gangi næstu ár á eftir og lauk ekki fyrr en um áramótin 2022/2023 þegar deiliskipulagið var samþykkt. Í deiliskipulaginu er Tryggvabrautin endurhönnuð með það að markmiði að auka umferðaröryggi og bæta tengingar gangandi og hjólandi vegfarenda. Þá eru í deiliskipulaginu skilgreindar byggingarheimildir á núverandi atvinnulóðum á svæðinu sem fela í sér umtalsverðar breytingar með mikilli aukningu á byggingarmagni.

Af öðrum skipulagsverkefnum sem unnið var að á árinu má nefna deiliskipulag athafnasvæðis við Hlíðarfjallsveg (m.a. fyrir gagnaver), deiliskipulag stofnana- og athafnasvæðis við Súluveg (m.a. fyrir nýjan dýraspítala, endurskoðun deiliskipulags iðnaðarsvæðis við Sjafnarnes, ýmiss skipulagsmál í miðbænum og þéttingarsvæði við Tónatröð.





## Lóðamál

### Lóðaúthlutun 2022

Á árinu 2022 var 13 lóðum fyrir íbúðarhús úthlutað og af þeim voru 3 lóðir fyrir fjölbýlishús, 2 fyrir raðhús/parhús og 8 fyrir einbýlishús, þar af eitt í Hrísey. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir að á þessum íbúðarhúsalóðum megi byggja 211 íbúðir. Þá var 17 atvinnulóðum úthlutað á árinu en 5 þeirra var skilað aftur til bæjarins og eru lausar til úthlutunar í dag.

## Byggingarmál


Yfirlit yfir byggingaframskiptum á árinu 2022 (tölur fyrir árið 2021 eru í sviga).

### Íbúðarhús

Hafin var smíði 219 íbúða (234) árið 2022. Þar af voru einbýlishús 18 (9), 9 raðhús með 35 (11) íbúðum og 12 fjölbýlishús með 166 (214) íbúðum.

Skráðar voru fullgerðar 156 (261) íbúðir á árinu, 22 (15) einbýlishús, 20 (11) íbúðir í raðhúsum og 114 (235) íbúðir í fjölbýlishúsum.

MYND 5 – FJÖLDI ÍBÚÐA, HAFNAR FRAMKVÆMDIR OG FULLGERÐAR





## Atvinnu- og menningarmál

Atvinnu-, markaðs- og menningarteymi bæjarins hefur margþætt verkefni með höndum eins og nafnið bendir til. Það heldur m.a. utan um öll miðlæg kynningarmál bæjarins og vinnur að þeim með sviðum og deildum, annast auglýsingar og markaðssetningu á íbúamarkaði og innlendum ferðamarkaði, leiðir vinnu við móttöku atvinnu-, menningar- og ferðamálastefnur, vinnur að þróun innviða sem nýttast í ferðaþjónustu, stýrir stærri viðburðum eins og Barnamenningarhátíð, Þjóðhátíðinni 17. júní, Listasumri og Akureyrarvöku og styður jafnframt við aðra stærri viðburði s.s. fjölskylduhátíðina Eina með öllu og utanvegahlaupið Súlur Vertical. Þá annast teymið samningagerð við stóra sem smáa aðila í menningarlífinu, heldur utan um Menningarsjóð Akureyrar, þ.m.t. styrkveitingar, heiðursviðurkenningar og val á bæjarlistamanni.

Atvinnumál eiga heima hjá teyminu en SSNE (Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra) annast framkvæmd þeirra að stærstum hluta. Framlag Akureyrarbæjar til SSNE á árinu 2022 var 47 m.kr. og framlag til Uppbyggingarsjóðs landshlutans var 9,8 m.kr. en sjóðurinn veitir styrki til verkefna í þremur flokkum, atvinnu og nýsköpun, menningu og til stofn- og rekstrarkostnaðar á sviði menningar. Þá lagði Akureyrarbær fram tæpar 10 m.kr. til Markaðsstofu Norðurlands og 9 m.kr. til reksturs flugklasans AIR66. Að lokum má nefna að teymið á í samstarfi við fræða- og þekkingarsetrið Akureyrarakademiuna, um endurgjaldslausu vinnuáðstöðu fyrir frumkvöðla.

## Menningarmál

Árið hófst með úthlutun styrkja vegna Barnamenningarhátíðar á Akureyri sem haldin var í 5. sinn. Alls hlaut 21 verkefni styrk fyrir alls 2.500.000 kr. Hátíðin var haldin allan aprílmánuð og yfir 40 viðburðir skráðir á viðburðadagatal hátíðarinnar.

**Vorkoma Akureyrarbæjar** var haldin sumardaginn fyrsta í netheimum líkt og síðastliðin ár. Þar var kynnt niðurstaða bæjarráðs að Kristján Edelstein tónlistarmaður yrði bæjarlistamaður 2022-2023.

Þröstur Ásmundsson og Aðalsteinn Bergdal fengu heiðurviðurkenningu vegna aðkomu að menningarmálum og Gísli Jón Kristinsson, arkitekt FAÍ, fékk byggingalistaverðlaun fyrir ævistarf í þágu byggingalistar á Akureyri undanfarna fjóra áratugi.

**Menningarsjóður Akureyrarbæjar** úthlutaði verkefnastyrkjum til 18 verkefna fyrir alls 4.350.000 kr. Níu nýir samstarfssamningar voru gerðir en fyrir voru í gildi 6 samstarfssamningar. Enginn sótti um sumarstyrk ungra listamanna og var því ákveðið að upphæðin færi í sérstakan sjóð fyrir ungt og efnilegt listafólk. Afar vel var tekið í þessa ráðstöfun og nýttust fjármunir vel.

**Þjóðhátíðin 17. júní** var að venju sett í Lystigarðinum á Akureyri en fór að öðru leyti fram í Minjasafnsgarðinum og á flötinni fyrir framan safnið. Má segja að sú nýbreytni sé framhald þeirra breytinga og tilrauna sem gerðar voru á hátíðarhöldum á meðan á Covid-19 faraldrinum stóð. Vel tókst til.

**Sumarhátíðin Listasumar** var haldin frá júní til júlí með fjölda viðburða og góðri þátttöku fólks. Akureyrarvaka var með stærra móti þar sem sveitarfélagið fagnaði 160 ára afmæli og var ákveðið að afmælisveislan væri frá föstudegi til sunnudags. Frábært veður gerði það að verkum að mjög mikil aðsókn var á alla viðburði hátíðarinnar. Enginn verkefnastjóri var ráðinn sérstaklega fyrir sumarhátíðirnar þetta árið.

**Ritlistasmiðja Ungskálda** var haldin í október þar sem 19 ungmenni nutu leiðsagnar Gunnars Helgasonar og Kamillu Einarsdóttur. Í kjölfarið var opnað fyrir ritlistakeppni Ungskálda og alls bárust 57 verk eftir 27 þátttakendur. Mjög góð þátttaka var á kaffihúsakvöld Ungskálda sem var haldið á LYST í Lystigarðinum í desember. Þann 8. desember var verðlaunaafhending í ritlistakeppninni og var það Mars Baldurs sem hreppti titilinn Ungskáld Akureyrar 2022 með verkinu Þágufallssýki. Í öðru sæti var Selma Dís Hauksdóttir með verkið Tilfinningar og meiri tilfinningar og því þriðja Guðrún María Aðalsteinsdóttir með verkið Mávur verður vitni að maraþoni.




## Ferða- markaðs- og upplýsingamál


Á árinu lifnaði aftur yfir ferðapjónustunni þegar öllum takmörkunum vegna Covid-19 innanlands og á landamærum var aflétt á miðnætti aðfararnætur 25. febrúar 2022.

Fjöldi gistinguáttanna á hótélum bæjarins jókst um 9% milli ára og var meðalnýting herbergja 59%. Íslendingar voru um 42% gesta á hótélum, voru mest 79% meðan Covid-19 réði ríkjum en höfðu fyrir þann tíma verið undir 30%. Framboð gistirýma á hótélum jókst örlítið milli ára eða sem nam 14 herbergjum. Starfsemi veitingastaða gekk nokkuð vel og margir önnuðu ekki eftirspurn yfir sumarmánuðina. Flestir ferðaskipuleggjendur þurftu að draga umtalsvert eða alveg úr rekstri meðan á faraldrinum stóð og hættu sumir rekstri. Með fjölgun ferðamanna lifnaði yfir þessum geira á ný og ný fyrirtæki litu dagsins ljós.


MYND 5 – GISTINÆTUR Á HÓTELUM Á AKUREYRI



MYND 7 – MEÐALFJÖLDI OG NÝTING HERBERGJA Á HÓTELUM Á AKUREYRI



MYND 8 – NÝTING GISTINÁTTA, ÍSLENDINGAR OG ÚTLENDINGAR




Skemmtiferðaskip lögðu á ný komu sína til Akureyrar. Alls komu 153 skip til Akureyrar sem var svipaður fjöldi og fyrir Covid-19. Til Grímseyjar komu 29 skip og 11 til Hríseyjar sem var 5 skipum fleira en fyrir faraldurinn, sumarið 2019.


Margar stærri hátíðir og viðburðir sem aflýst hafði verið meðan faraldurinn gekk yfir voru nú aftur á dagskrá. Íslendingar ferðuðust áfram innanlands en þeim fækkaði þó töluvert á milli ára. Upplýsingamiðstöðin sem hafði verið lokað frá 2020 var opnuð á ný í Hofi yfir sumarmánuðina og voru það Hafnasamlag Norðurlands, Akureyrarbær, Menningarfélagið og Kista sem stóðu að rekstrinum. Áfram var hægt að nálgast kynningarefni í Sundlaug Akureyrar, Amtsbókasafninu og Listasafninu á Akureyri. Einnig var unnið áfram að því að efla upplýsingagjöf á vefsíðu bæjarins halloakureyri.is (visitakureyri.is).

Mikill straumur innlendra ferðamanna var til Hríseyjar meðan á Covid-19 stóð en árið 2022 fækkaði heimsóknum þeirra um 15% miðað við það sem mest var 2020. Helsta ástæðan var að sumarið var blautt og kalt og þurfti m.a. að fella niður margar skipulagðar skoðunarferðir í eyjuni sökum þess. Veitingastaðurinn Brekka opnaði aftur með nýjum rekstraraðilum um sumarið. Unnið var að áframhaldandi uppbyggingu gönguleiða og var m.a. lokið við uppbyggingu á áningarstaðnum Háborðinu við vinsælustu gönguleið eyjarinnar, auk þess sem aðstaðan við hátíðarsvæðið var stórbætt með leiktækjum, grill- og nestisaðstöðu.

MYND 9 – KOMUR SKEMMTIFERÐASKIPA TIL AKUREYRAR, HRÍSEYJAR OG GRÍMSEYJAR



MYND 10 – FERJUSIGLINGAR TIL OG FRÁ HRÍSEY





Aðsókn til Grímseyjar var góð á árinu. Alls voru 7.300 farþegar skráðir í ferjuna sem er rétt um 2% færri en árið áður. Hins vegar fjölgaði farþegum með flugi mjög mikið eða sem nam 465 flugleggjum sem er um 54% aukning.

Kennileitið fyrir heimskautsbauginn í Grímsey var ekki fært úr stað að þessu sinni þar sem raskið sem því fylgir skilur eftir sig of mikil ör í landinu.

Á árinu var hafist handa við endurbyggingu á Miðgarðakirkju og um haustið var haldin fyrsta athöfnin í nánast foheldri kirkju til að minnst þess að ár var liðið frá því að sú gamla brann 22. september 2021.


Uppbygging hjóla- og göngustígs inn Glerárdalinn hélt áfram á árinu og náði þar með inn fyrir nýja uppistöðulónið í Glerá. Verkefnið var styrkt af Framkvæmasjóði ferðamannastaða. Einnig var gert átak í að hnitamæla gönguleiðir fyrir samræmdan gagnagrunn Ferðamálastofu sem nær yfir landið allt og styður við bættu kynningu á göngu- og hjólaleiðum á vefum Akureyrarbæjar. Hnitamælingin hlaut styrk úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra.

Tjaldsvæði bæjarins var alfarið rekið á Hömrum sumarið 2022 en tjaldsvæðinu sem hafði verið við Þórunnarstræti var lokað 2021. Gestir á tjaldsvæðið á Hömrum voru 39.374 en gistinætur 58.366.


Nýja stólalyftan í Hlíðarfjalli var vígð á árinu og boðið var upp á sumaropnun í Fjarkann fyrir fjallahjólaiðkendur og göngufólk eins og fyrri sumur.

Skipulag almenningsamgangna var með svipuðu sniði og verið hefur. Ekki tókst að tengja ferðir Strætó við ferjuferðir til Hríseyjar og Grímseyjar og farþegar þurftu að bjarga sér sjálfir til og frá höfnunum sem er bagalegt og slæmt fyrir ferðaþjónustu í eyjunum. Ferjusiglingar til Grímseyjar voru með sama hætti og árið áður; fimm brottfarir á viku yfir sumartímenn, þrjár á haustin og fjórar eftir áramót og fram á vorið. Norlandair hélt uppi áætlunarflugi til Grímseyjar en í júní var aðeins flogið tvisvar sinnum í viku, á sunnudögum og þriðjudögum, þrisvar sinnum í viku þess utan. Áður hafði verið flogið daglega yfir sumarmánuðina. Í Hrísey hélst ferjuáætlun óbreytt.

MYND 11 – FERJUSIGLINGAR TIL OG FRÁ GRÍMSEY



MYND 12 – FARÞEGAR Í FLUGI TIL OG FRÁ GRÍMSEY



Atvinnu-, markaðs- og menningarteymi Akureyrarbæjar var þátttakandi í fjölmörgum verkefnum sem tengjast ferðapjónustu og markaðssetningu bæjarins. Meðal annars var fjármagn lagt til flugklasans AIR66 og Markaðsstofu Norðurlands fyrir hönd Akureyrarbæjar. Flugklasinn stefnir að aukinni markaðssetningu Akureyrarflugvallar og beinu millilandaflugi um Akureyrarflugvöll en Markaðsstofan annast m.a. markaðssetningu á landshlutanum erlendis í samstarfi við Íslandsstofu.

Á sviði upplýsinga- og kynningarmála vinnur teymið þvert á og með öllum sviðum Akureyrarbæjar að ýmsum tilfallandi verkefnum, svo sem þegar kemur að kynningu á skipulagsmálum, málefnum leik- og grunnskóla, og nýframkvæmdum.

Haustið 2022 var hleypt af stokkunum viðamikilli auglýsingaherferð fyrir Akureyri á íbúamarkaði undir slagorðinu „Besti staðurinn“. Herferðin var keyrð á samfélagsmiðlum, í útvarpi, dagblöðum, vefmiðlum og á auglýsingaskiltum við fjölfarnar umferðaræðar á höfuðborgarsvæðinu. Ekkert efni frá Akureyrarbæ hefur fengið viðlíka áhorf á samfélagsmiðlum.

Markaðsteymið fylgist einnig grannt með umfjöllun fjölmiðla um sveitarfélagið og bregst við henni eftir því sem þurfa þykir.

Ný kynningarsíða fyrir ráðstefnubæinn Akureyri var sett í loftið og ýtt úr vör markaðsátaki á samfélagsmiðlum til að kynna bæinn sem góðan kost til ráðstefnuhalds.

Ársskýrsla Akureyrarbæjar er sem áður gefin út af atvinnu-, markaðs- og menningarteymi Akureyrarbæjar og eingöngu á rafrænu formi. Einnig er unnið í samstarfi við MDR að ítarlegum upplýsingabæklingi um bæinn á ensku fyrir ferðamenn sem gefinn er út árlega. Teymið endurnýjar og gefur út bæklinga fyrir Hrísey og Grímsey og heldur úti vefnum visitakureyri.is en íslenskur hluti hans heitir halloakureyri.is þar sem lögð er áhersla á innlenda ferðamenn og heimafólk. Á vefnum er yfirgripsmikið viðburðadagatal sem uppfært er daglega með því að skipuleggjendur viðburða senda inn viðburði sem teymið svo birtir.



Vefsíðan Akureyri.is er sem fyrr mikilvægasta upplýsingagátt sveitarfélagsins og hefur starfsfólk atvinnu-, markaðs- og menningarteymis Akureyrarbæjar meginumsjón með skrifum fréttu og tilkynningu, auk þess að koma að vinnu við þróun og umbætur síðunnar. Teymið heldur einnig uppi á samfélagsmiðlum viðamikilli upplýsingagjöf um ýmsa þætti í starfsemi sveitarfélagsins. Síður á Instagram eru mjög virkar en einnig á Facebook þar sem starfræktar eru fimm ólíkar síður: „Akureyrarbær“ sem er hugsuð sem upplýsingasíða fyrir bæjarbúa, „Komdu norður“ sem er fyrir innlenda ferðamenn, „Visitakureyri“ fyrir erlenda ferðamenn og svo eru sérstakar síður fyrir bæði Hrísey og Grímsey sem ætlað er að höfða sérstaklega til erlendra ferðamanna. Auk þess er haldið úti sérstakri upplýsingasíðu á Facebook fyrir ferðapjónustuaðila í bænum. Mikil áhersla var lögð á markvissa upplýsingamiðlun og að auka enn frekar fjölbreytni í miðlunarleiðum.



## Amtsbókasafnið

Það verkefni sem tók mestan tíma og orku starfsmanna Amtsbókasafnsins árið 2022 var nýtt bókasafnskerfi. Skipt var úr kerfi sem heitir Aleph yfir í kerfi sem heitir Alma. Þessar breytingar þýddu m.a. að skráning safngagna og útlána var stöðvuð tímabundið frá maílokum til 13. júní. Miðað við þær tölur sem komu út úr kerfunum tveimur þá voru útlán safngagna 116.081 talsins sem er 5% færri en árið 2021 en þau voru 122.164 það ár. Gestum safnsins fjölgaði hins vegar um 17% frá 2021 til 2022 eða um 70.172 til 82.272. Þessi fjölgun gesta á sér hugsanlega skýringar í aukinni áherslu safnsins á samfélagslegt hlutverk þess og ýmsa viðburði sem tengja má sjálfbærni. Dæmi um sjálfbærniverkefni er uppsetning ísskáps við safnið þar sem almenningur getur skipst á matvælum og er skemmst frá því að segja að sú tilraun hefur tekist afar vel. Einnig hefur safnið staðið fyrir ýmsum skiptimörkuðum, á fötum, öskudagsbúningum, plöntum, spilum og fleiru og „reddingakaffi“ þar sem gert er við bilaða hluti og föt.

Einnig voru starfandi klúbbar á safninu, ýmist á vegum þess eða sjálfspottnir. Einn er helgaður handavinnu, annar spilum, bæði fyrir börn og fullorðna, sá þriðji snerist um skapandi skrif. Einnig eru hópar sem æfa sig að tala íslensku og ensku. Slíkir hópar eru í samræmi við stefnu safnsins þar sem grunnstefið er að vinna að aukinni þekkingu á því samfélagi þar sem það starfar. Í því skyni voru haldnir viðburðir sem var ætlað að auka skilning og minnka fordóma. Annar þeirra var „Human library“ sem haldinn var tvisvar á árinu en þar gafst fólki tækifæri til að ræða við fólk með ýmsan og ólíkan bakgrunn, s.s. innflytjendur, transfólk, veganista og fleiri. Af sama meiddi var hátíð sem nefndist Alþjóðlegt eldhús þar sem gestum var boðið upp á gómsæta rétti frá ýmsum löndum auk fræðslu um menningu þjóðanna.

Sýningarrými safnsins var vel nýtt, bæði fyrir sýningar, fyrirlestra, rithöfundakynningar og aðra viðburði. Í ársbyrjun var ljósmyndasýning sem bar titilinn „Enginn veit hvað átt hefur“ og fjallaði hún um óafturkræf áhrif mannsins á náttúruna. Sýning í tilefni af 10 ára afmæli Barnabókaseturs var svo næst og þá sýning um norðurslóðir sem bar titilinn „Inuit Qaujimagatuqangit“ og var í boði Kanadíska sendiráðsins í tilefni af 75 ára stjórnmalasambandi

Íslands og Kanada. Norska sendiráðið bauð einnig upp á sýningu á myndskreytingum Thorbjörn Egner á sögunni um Kardimommubæinn. Kristinn G. Jóhannsson myndlistarmaður sýndi einnig myndskreytingar sínar á sögum Jóns Sveinssonar – Nonna.

Börn og ungmenni eru einhverjir stórtækustu og mikilvægustu notendur safnsins og var mjög gleðilegt að barnastarfið komst í fullan gang á árinu með heimsóknnum leikskóla- og skólabarna, föstum sögustundum, bæði á íslensku og erlendum málum og sumarlestri svo fátt eitt sé nefnt.

Á árinu var töluverð vinna lögð í mótun stefnu fyrir safnið. Styrkur fékkst úr Bókasafnasjóði til að kaupa ráðgjöf frá Dokk1 í Árósum og komu tveir sérfræðingar í þjónustuhönnun og stóðu fyrir vinnustofu með starfsmönnum sem leiddi til þeirrar niðurstöðu að lykilhugtök í starfsemi safnsins næstu ár væru: Sjálfbærni, samvinna, sköpun, fjölbreytni, hlýja og traust.

## Héraðsskjalasafnið

Á árinu 2022 voru gestir safnsins 489 og voru 68% þeirra karlar og 32% konur. Kynjaskiptingin er í samræmi við tölur fyrri ára en gestafjöldinn á enn nokkuð í að vera sambærilegur við það sem var fyrir Covid-19. Auk þess komu 176 nemendur úr grunnskólum Akureyrar í heimsókn til okkar og fengu fræðslu um hlutverk og verkefni safnsins. Ef allt er talið voru gestirnir því 665 en nemendur hafa ýmist verið taldir í heildarfjölda gestanna eða ekki.

Útlán á árinu 2022 voru samtals 3.934. Stærsti hluti þeirra var vegna sýninga sem haldnar voru eða 1.971. Útlán til gesta voru 958, vegna fyrirspurna 259 og millisafnalán voru 746.

Það eru aðeins útlánin vegna sýningarhalds sem starfsfólkið getur haft áhrif á en að öðru leyti er það eftirspurnin sem ræður því hversu mörg útlánin eru. Áhugi gesta stjórnar því hvort og hvað þeir fá lánað úr geymslunum, úrlausnarefni fyrirspurnanna ráða því hvort svörin er að finna í einu skjali eða leita þarf víðar og fjöldi millisafnalána ræðst af áhuga fólks í öðrum héruðum. Rétt er einnig að geta þess að möguleikar fólks til þess að nálgast safnkostinn hafa aukist mikið eftir að skjalavefurinn á heimasíðunni varð til. Umferðin á heimasíðunni er breytileg eftir






árum en árið 2022 voru heimsóknir á síðunni rétt innan við 9.000 og er þá átt við heimsóknir þar sem gestir staldra við og eru að lesa sér til gagns. Á árinu 2022 bárust safninu 62 afhendingar og var umfang þeirra 44,94 hillumetrar. Það er heldur minna en undanfarin ár.

Af 62 afhendingum sem bárust árið 2022 voru 18 frá skilaskyldum aðilum en hinar komu frá einkaaðilum þ.e. einstaklingum, félögum og einkareknum fyrirtækjum. Um afhendingarnar árið 2022 í heild sinni má segja að meirihluti þeirra eru einkaskjöl ef litið er til fjölda en mun fleiri hillumetrar koma frá skilaskyldum aðilum. Langstærsti hluti þess sem kemur frá skilaskyldum aðilum eru fullfrágengin skjöl og það sem kemur frá einkaaðilum er að mestu leyti óskráð. Afhendingar geta verið allt frá einu blaði upp í einhverja tugi hillumetra og ástand skjalanna er einnig misjafnt. Það væri ákjósanlegast að geta sett afhendingarnar beint upp í hillu en oft er sá möguleiki ekki fyrir hendi og þá er það undir starfsfólkinu komið að ganga frá skjölunum með viðeigandi hætti.


Með hálfskráðum skjölum er átt við að búið sé að hreinsa skjölin og flokka og eitthvert yfirlit fylgir afhendingunni. Þegar skjölin koma óskráð og óflokkuð til safnsins eru þau grófflokkuð og grisjuð eftir því sem tilefni er til og þau sett í skjalaöskjur en nákvæmari skráning getur dregist eftir því hvernig stendur á öðrum verkefnum á safninu. Af þeim 44,9 hillumetrum sem bættust við árið 2022 voru 65,4% þeirra skráðir og fullfrágengni, 6,8% voru hálfskráðir og 27,8% óskráðir.

Á árinu 2022 fékk Héraðsskjalasafnið þrjá styrki frá Þjóðskjalasafni Íslands til þess að gera skjöl safnsins aðgengileg á heimasíðu sinni. Þau verkefni sem fengu styrk voru: Brunavirðingabækur á tímabilinu 1910-1944, gjörðabækur sveitarfélaga 1887-1948 og grunnteikningar af húsum á Akureyri. Fyrri verkefni tvö eru framhald fyrri ára en húsateikningarnar eru nýtt verkefni. Afraksturinn var 4.995 myndir sem bættust við þær myndir sem þegar voru aðgengilegar á heimasíðu safnsins. Í árslok var heildarfjöldi mynda á heimasíðunni 64.887.


MYND 13 – HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ ÚTLÁN



MYND 14 – AFHENDING OG HILLUMETRAR



MYND 15 – FRÁGANGUR VIÐ AFHENDINGU



## Listasafnið á Akureyri

Árið 2022 var ljómandi gott ár í Listasafninu. Átta sýningar voru í safninu í byrjun árs, þar á meðal sýning Bryndísar Snæbjörnsdóttur og Mark Wilson, Vísitasíur, sem var valin sýning ársins á Myndlistarverðlaununum.

Sautján nýjar sýningar voru settar upp á árinu. Sýningarnar skiptust í sjö einkasýningar, tvær yfirlitssýningar, fjórar samsýningar og þrjár nemendasýningar auk A! Gjørningahátíðar sem er árleg hátíð haldin í samvinnu við Leikfélag Akureyrar, MAK, Myndlistarfélagið, Gilfélagið, Verkmenntaskólann og fleiri aðila. Einnig voru settar upp nokkrar stuttar sýningar í safnkennslurýminu á afrakstri úr smiðjum sem haldnar voru.

Alls voru gestir safnsins á árinu 10.402 sem var lítilsháttar aukning frá árinu 2021. Þar af voru erlendir gestir 4.099. Íslendingar voru alls 5.678. Konur voru 4.640, karlar 3.110 og börn 2.050. Erlendum gestum fjölgaði mikið. Flestir þeirra komu frá Bandaríkjunum og þar á eftir komu Þjóðverjar, Bretar og Frakkar.

Boðið var upp á leiðsögn um sýningar á íslensku og ensku alla fimmtudaga og 16 Þriðjudagsfyrirlestrar í samvinnu við VMA, Menntaskólann, Gilfélagið

og Myndlistarfélagið voru á dagskránni. Auk þess var tekið á mótum um 200 skólahópum frá leikskólum, grunn- og framhaldsskólum og einnig háskólanemum og myndlistarskólanemum. Þá var einnig tekið á mótum vinnustaða- og vinahópum í leiðsagnir. Alls komu 1.135 börn í safnfræðslu og 1.707 fullorðnir. Boðið var upp á samtal við listamenn þegar sýnendur sögðu frá verkum sínum. Fjölskylduleiðsagnir heldu áfram við góðar viðtökur og var boðið upp á átta slíkar á árinu með smiðjum fyrir börn og fullorðna. Auk þess voru haldnar smiðjur með listamönnum og hönnuðum. Nokkrir viðburðir voru á dagskránni í samvinnu við aðra aðila, eins og Boreal vídeódanshátíðin sem haldin var í þriðja sinn í Listasafninu. Tónleikaröðinni Tólf tóna korteri var einnig framhaldið á árinu.

Haldið var áfram vinnu við að skrá safneignina og koma henni á starfrænt form og listaverk í safnaeign voru ljósmynduð.

Listasafnið hefur upp á að bjóða 12 mismunandi sýningarrými og ávallt eru í gangi fimm til átta sýningar í einu. Safnið er opið alla daga kl. 12-17 yfir vetrarmánuðina og kl. 10-17 yfir sumarmánuðina. Auk þess er safnið opið fyrir hópa utan almenna opnunartímans.





## Akureyrarbær

Þetta skjal er hluti af ársskýrslu Akureyrarbæjar 2022, aðra hluta má sjá á vef Akureyrarbæjar [akureyri.is](http://akureyri.is) undir Stjórnkerfi > Útgefið efni > Ársskýrslur

Útgefandi: Akureyrarbær 2023

Ritstjórn: Ragnar Hólm Ragnarsson

Yfirllestur og prófarkir: Brynja Björk Pálsdóttir og Ragnar Hólm Ragnarsson

Ljósmyndir: María Helena Tryggvadóttir

Mynd af bæjarstjóra: Daníel Starrason

Hönnun og umbrot: Blek hönnunarstofa, blekhonnun.is